

Peningaþvættisvarnir

Hvers vegna þarf að framvísa skilríkjum og svara ýmsum spurningum við stofnun viðskipta?

Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Samkvæmt gildandi lögum nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, ber Endurskoðun og ráðgjöf ehf að þekkja viðskiptavinum sína, starfsemi þeirra og viðskipti við fyrirtækið svo vel að þeir geti orðið varir við það ef starfsemi fyrirtækisins er notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.

Þetta ber Endurskoðun og ráðgjöf ehf að gera með því að framkvæma svokallaða áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum sínum áður en þeir stofna upphaflega til viðskiptasambands við fyrirtækið.

Áreiðanleikakönnun

Áreiðanleikakönnun fer þannig fram að starfsmenn Endurskoðunar og ráðgjafar ehf kalla eftir upplýsingum um viðskiptavininn og fyrirhuguð viðskipti. Er þetta gert með því að biðja viðskiptavini um að fylla út viðeigandi eyðublöð og leggja fram nauðsynleg gögn. Sem dæmi um þær upplýsingar sem afla þarf má nefna helstu persónuupplýsingar, þegar um einstaklinga er að ræða, auk upplýsinga um uppruna fjármuna og tilgang viðskipta. Á fyrirtækinu hvílir einnig sú skylda að láta viðskiptavini sína sanna á sér deili með því að framvísa við fyrirtækið gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum eða sannreyna veflykil.

Í tilviki lögaðila (svo sem félaga, fyrirtækja og sjóða) þarf m.a. að kalla eftir upplýsingum um lagalegt form lögaðilans og starfsemi, hverjir eru raunverulegir eigendur³ hans, hverjir stjórna honum og eru bærir til að skuldbinda hann. Leitast er við að staðfesta áreiðanleika upplýsinganna með öflun viðeigandi gagna, svo sem með því að kalla eftir vottorði úr opinberri skrá (svo sem hlutafélagaskrá eða firmaskrá), ársreikningum/stofnefnahagsreikningum og samþykktum lögaðila. Þá ber fyrirtækinu einnig að láta alla þá, sem hafa heimild til að skuldbinda lögaðilann, sanna á sér deili líkt og þegar um einstaklinga er að ræða.

Óheimilt er að framkvæma viðskipti eða stofna til viðskiptasambands við viðskiptavini ef skilyrði könnunar á áreiðanleika upplýsinga eru ekki uppfyllt.

Áreiðanleikakönnun er ekki einungis framkvæmd í upphafi viðskiptasambands. Tilgangurinn er sá að afla upplýsinga um uppruna fjármuna og tilgang viðskipta vegna hvers viðskiptasambands en ekki síður sá að tryggja að upplýsingar og gögn, sem áður hefur verið aflað, uppfærast ef breytingar eiga sér stað (svo sem á stjórnarmönnum lögaðila), þar sem þær kröfur eru gerðar til fyrirtækisins að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptamann séu ávallt réttar. Til að uppfylla þessa lagaskyldu ber starfsmönnum að fylgjast með því að sú sé raunin. Viðskiptavinir mega því búast við því að starfsmenn spyrji reglulega sömu spurninga, og kalli eftir sömu upplýsingum, og gert var í upphafi viðskiptasambands. Þetta er ekki aðeins lagaskylda heldur einnig mikilvægur þáttur í því að tryggja að aðeins þeir geti átt viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar, sem heimild hafa til þess á hverjum tíma. Með þessu móti er Endurskoðun og ráðgjöf ehf því að uppfylla skyldur ásamt því að stuðla að öryggi viðskiptavina sinna í viðskiptum við fyrirtækið.

Þær skyldur sem hér hefur verið lýst, og lagðar eru á fyrirtækið í lögum og reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, endurspeglar þær ríku kröfur, í þessu efni, sem gerðar eru til fjármála-fyrirtækja á alþjóðlegum vettvangi. Tilgangurinn er sá að taka á því alþjóðlega vandamáli sem peningaþvætti er, en það er talið ein af undirstöðum alþjóðlegrar glæpastarfsemi, svo sem fíkniefnaverslunar og hryðjuverka. Í samræmi við þetta ber fyrirtækinu því, lögum samkvæmt, að tilkynna lögreglu um það ef grunur vaknar um að starfsemi hans sé notuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka.